

Nd.

233. Frumvarp til laga

um jöfnunarsjóð aflahluta.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem hefur hlutarráðningu (þ. e.: skipshöfnin tekur kaup sitt í hlutdeild í afla), skal í lok hvernna vertíðar greiða 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi, eftir að sameiginlegur kostnaður hefur verið dreginn frá. Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu, og skoðast það geymslufé, eftir að skipti hafa farið fram. Gjald þetta innheimta hreppstjórar og bæjarfógetar, hver í sínu umdæmi, og rennur það óskipt í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður aflahluta. Skal það sent sjóðsstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur jöfnunarsjóði fyrsta ár eftir stofnun hans jafnháa fjárhæð og tekjur sjóðsins voru af aflahlutum það ár. Eftir það leggur ríkissjóður sjóðnum árlega fjárhæð, sem jafngildir tekjum hans af aflahlutum frá byrjun, deildum með tölu ára frá stofnun hans.

3. gr.

Skip, sem gerð eru út í sama kaupstað eða sama hreppi, geta myndað sérstaka deild í jöfnunarsjóði, ef útgerðarmenn og starfandi sjómenn í kaupstaðnum eða hreppnum óska þess, og skal þá halda fjárreiðum þeirra deilda aðskildum, þó því aðeins, að deildir þessar hafi með sérstökum samþykktum ákveðið hærri iðgjöld en þau almennu eða aflað sérsjóðum sínum annarra tekna. Framlag ríkissjóðs til þeirra miðast þó ávallt við 1% af afla samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs getur við úthlutun hlutaruppbóta úr sérsjóðum þessum vikið frá hinni almennu reglu, ef ástæða þykir til og óskir koma fram um það frá þeim, sem hlut eiga að máli.

4. gr.

Sjóðnum skal varið þannig: Þegar hlutir á veiðiskipi verða ekki yfir 66% af meðalhlut skipsins 5 síðustu ár, miðað við fullan úthaldstíma, skulu hlutir skips og skipshafnar bættir upp eftir eftirfarandi reglum, meðan fé sjóðsins endist, sbr. þó síðustu málsgrein þessarar greinar:

Hafi aflahlutur orðið 60—66% af meðalhlut 5 síðustu ára, skal hann bættur úr jöfnunarsjóði með 30% af því, sem á vantar meðalhlut. Hafi aflahlutur orðið lægri en 60% af meðalhlut, hækkar uppbótin við hvern hundraðshluta, sem aflahluturinn lækkar, um 1% af því, sem á vantar meðalhlut, þar til uppbótin er orðin 50%, sem er hámark uppbótar.

Hafi skip gengið til veiða skemur en 5 ár, þegar til uppbótar kemur, skal miðað við meðalhlut sambærilegra skipa í sömu eða næstu veiðistöð.

Við úthlutun úr sjóðnum til hlutaruppbóta má aldrei ganga nær honum en svo, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Tryggingarstofnun ríkisins annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins, fyrir þóknun, er stjórnnum sjóðanna kemur saman um. Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, ákveður, hver stjórnarnefndarmanna skal vera formaður stjórnarinnar. Hann ákveður stjórninni þóknun fyrir störf hennar.

6. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs geymir fé sjóðsins, og skal það ávallt geymt í banka.

7. gr.

Í reglugerð jöfnunarsjóðs aflahluta má setja ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, eins og nauðsynlegt þykir, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir þeim gert í lögum þessum, þó svo, að þau fari ekki í bág við nein ákvæði laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.